

ar og birtingar, að konunglegt leyfi þarf til þess, að slík prestvígsla megi fram fara, og að ráðgjafinn er fús á, ef eitthvert prestsefni skyldi sækja um það, að útvega slíkt leyfi, og mun þar við verða bætt því skilyrði, að hlutaðeigandi áður en vígslan fer fram, skuldbindi sig til sem prestur að hegða sjer eptir hinum gildandi kirkjusiðum þjóðkirkjunnar og að hann lúti yfirráðum biskupsins á Íslandi.

49

20. febr.

— *Brjef landshöfðingja til yfirskattaneðndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um tekjuskatt stórkaupmanns.* — Með brjefi 7. p. m. hefir yfirskattaneðndin skýrt frá því, að skattaneðndirnar í Staðastaðar og Helgafells sveitum hafi vegna ókunnugleika ekki treyst sjer til, að ákveða tekjur þær, er Hans A. Clausen stórkaupmaður hafi haft af verzlunum sínum á Búðum og Stykkishólmi, en verzlunarstjórnir á þessum stöðum hafi engar sannanir nje skírteini viljað leggja fram um þetta, og að eins lýst yfir því, að húsbóndi þeirra «hafi í fyrri haft töluverðan skaða á öllum verzlunum sínum hjer á landi, þó hann gefi það eptir að fram telja 1000 krónur af Búðum».

50

20. marz.

Yfirskattaneðndin hefir því síður getað unað við þessi málalok, sem aðgjörðaleysi í þessum efnum myndi gjöra skattskyldu kaupmanna þýðingarlausu, og álitur neðndin, að þegar eins stendur á og hjer, verði skattaneðnd sú, sem hlut á að máli, skylduð til að kveða á um tekjur kaupmannsins og fái eigi þar í móti við brugðið fákunnáttu nje vantrausti á sjálfri sjer; en verði þessu eigi við komið, að yfirskattaneðndinni sje þá heimilt bæði og skylt að kveða sjálfri á hjer um.

Fyrir því vil jeg tjá yfirskattaneðndinni til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg fellst á það, sem þannig hefir verið tekið fram, sbr. brjef mitt frá 3. f. m. til sýslumannsins í Dalasýslu (stjórnartíð. B, 22.).

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um húsaskatt jarðeiganda.* — Í brjefi frá 15. p. m. hafið þjer, herra sýslumaður skýrt frá því, að umboðsmaður Árni Ó. Thorlacius bafi færzt undan að borga húsaskatt af fasteign sinni á Stykkishólms verzlunarstað, af því að hann eigi jörð þá, er land hefir verið tekið frá undir kaupstaðinn, búi á henni, og hafi byggt upp timburhús það, sem hann nú er í, í stað torfbæjar þess, er áður var á jörðunni, og til þess að nota það við ábúð jarðarinnar. Jafnframt því látið þjer í ljósi það álit, að undanfærzla þessi komi í bága við lög 14. desember 1877 um húsaskatt, því enginn vafi geti verið um, að áminnt huseign sje innan takmarka verzlunarstaðarins, en þá sje hún líka þar með skattskyld, þótt hún sje notuð við ábúð jarðar og þó eigandi hennar sje meðfram eigandi að kaupstaðarlóðinni.

51

20. marz.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg er yður alveg samdóma um það, er þjer þannig hafið tekið fram.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um skattgreiðslu í landaurum.* — Með þóknanlegu brjefi frá 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

52

12. apríl.

52 dags. 12. s. m., og þar sem hann spyrst fyrir um, hverja aðferð megi við hafa til að koma í peninga landaurum þeim, er samkvæmt 5. gr. laga 14. desbr. 1877 um skatt á ábúð og afnotum jarða kunna að verða greiddir í hin opinberu gjöld, sem um er rætt í lögum þessum, og hvort það sje ekki hinn einfaldasti og rjettasti vegur til þessa, að selja hina umræddu landaura hæztbjóðendum við opinbert uppboð á sjálfu manntalsþinginu, eptir að uppboðið hefir verið kunngjört með nægum fyrirvara. Þjer hafið tekið fram, að þjer eigi fáid sjeð, að frá hálfu hins opinbera verði haft neitt á móti þeirri aðferð, sem sýslumaðurinn stingur upp á, og álitid þjer, að hún sje hin heppilegasta til að koma í veg fyrir þann ágreining, sem á eptir kynni að eiga sjer stað um hlutfallið milli gangverðs landauranna á hverjum stað og verðs þeirra eptir verðlagsskránni, og að því mætti skoða uppboðsverðið sem gangverð það, er lögin ræða um.

Út af þessu vil jeg ekki láta hjálða þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda það, er hjer segir:

Gjald það, er hjer ræðir um, á samkvæmt 5. gr. laga 14. desbr. 1877 að greiðast í peningum eptir meðalverði allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá, og það er að eins, ef gjaldanda brestur peninga, leyfilegt að greiða gjaldið annaðhvort í innskript hjá kaupmönnum þeim, er hlutaðeigandi sýslumaður tekur gilda, eða í landaurum þeim, sem nefndir eru í lagagreininginni með verði því, er verðlagsskráin ákveður fyrir hverja um sig af þessum vörutegundum, enda sje það verð eigi hærra en gangverð í gjalddaga. Sýslumaður er því skyldur gagnvart landssjóði að standa skil á gjaldinu samkvæmt meðalverði allra meðalverða ár hvert, og er hvorttveggja, að þetta leiðir af lögum, enda var beinlínis gjört ráð fyrir því undir umræðum þeim, sem fóru fram áður en lögin náðu gildi. Eins og það nú í 5. gr. laganna er falið sýslumanni að ákveða, hjá hverjum kaupmönnum hann vilji taka á móti innskript sem löglegri borgun, þannig ber engum öðrum en sýslumanni að gjöra fyrir hönd hins opinbera út um hlutfallið milli gangverðs landaura í gjalddaga og meðalverðs þeirra samkvæmt verðlagsskránni; en hvort sem borgað er með innskript eða landaurum, ber sýslumanni að svara út gjaldinu í peningum eptir meðalverði allra meðalverða.

Ef ágreiningur verður milli sýslumanns og gjaldþegns um gangverð landaura í gjalddaga, og sje enginn annar vegur til þess að gjöra út um þennan ágreining, sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að gangverð hinna framboðnu landaura verði fundið á þann hátt, sem sýslumaðurinn hefir stungið upp á, eða með uppboði á sjálfu manntalsþinginu að undangenginni nægilegri auglýsingu, en það verður að halda því föstu, að uppboðið geti ekki haft nein áhrif á rjett landssjóðsins til að fá gjaldið greitt eptir meðalverði allra meðalverða.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 15. dag aprilmán. þóknadist hans hátign konunginum að skipa kandidat Árna Jónsson til þess að vera hjeradslækni í 9. læknishjæraði.

S. d. setti ráðgjafinn fyrir Ísland kandidat Björn Magnússon Ólsen kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, þannig að hann sje skyldur, ef krafizt verður, að taka að sjer umsjón með nefndum skóla án sjerstaks endurgjalds.

S. d. veitti landshöfðingi prestinum sira Magnúsi Gíslasyni lausn sökum heilsubrests frá Sauðlauksdals prestakalli í Barðastrandarsýslu, þannig að lausnin teljist frá fardögum 1879, og upp-gjafaprestinum beri í eptirlaun þriðjungur af vissum tekjum brauðsins að meðtöldum ágóðanum af prest-setrinu.

Hinn 16. dag aprilmán. skipaði hans hátign konungurinn kandidat C. E. A. Fensmark til þess að vera sýslumann í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta í Ísafjarðar kaupstað.